

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

788. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 15. apríl 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Bréf UMFÍ
2. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi.
3. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi.
4. Ársreikningur Húnaþings vestra og undirfyrirtækja árið 2012.
5. Hvammstangabraut 16. tilboð.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt til kynningar bréf UMFÍ þar sem greint er frá ályktun ráðstefnunnar Ungt fólk og Lýðræði sem haldinn var á Egilsstöðum 20.-22. mars sl.
2. Fram lagt bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 08.04.2013, þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Guðlaugar Jónsdóttur kt. 310757-2849 um útgáfu leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitinga- og gististaði. Sótt er um leyfi til að reka veitingastað í Víðigerði í Húnaþingi vestra, flokkur II yfir veitingastaði. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
3. Fram lagt bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 08.04.2013, þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Tryggva Guðmundssonar f.h. Flugleiðahótela ehf., kt. 621297-6949 um útgáfu leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitinga- og gististaði. Sótt er um leyfi til að reka gististað í flokki V, Hótel Eddu í húsnæði Laugarbakkaskóla í Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
4. Lagður fram ársreikningur Húnaþings vestra og undirfyrirtækja fyrir árið 2012. Byggðarráð samþykkir vísa ársreikningnum til afgreiðslu sveitarstjórnar.
5. Fram lögð kauptilboð í íbúðina að Hvammstangabraut 16 efri hæð. Eftirfarandi kauptilboð bárust:

Frá Marcin Michnawicz	kr. 10.250.000-
Frá Sigurði Bragasyni	kr. 9.350.000-
Frá Þórdísi Vilhjálmsdóttur	kr. 9.500.000-

Byggðarráð samþykkir að taka kauptilboði frá Marcin Michnawicz og felur sveitarstjóra að ganga frá sölunni.

Samþykkt að taka á dagskrá:

6. Leó Örn Þorleifsson, oddviti og stjórnarmaður í SSNV mætti til fundarins og gerði grein fyrir verkefnum innan Sónarátelnar landshluta á Norðurlandi vestra. Eitt þeirra verkefna sem samþykkt hefur verið er „Átak í atvinnu- og markaðsmálum í Húnaþingi vestra“. Ábyrgðaraðili verkefnisins er SSNV en Húnaþing vestra er framkvæmdaaðili. Auk Húnaþings vestra og SSNV eru Kaupfélag Vestur-Húnvetninga, Sláturhús KVH ehf. og Vinnumálastofnun samstarfsaðilar að verkefninu. Fjárhæð er kemur til verkefnisins frá verkefnasjóði sóknarátelnar á Norðurlandi vestra er alls kr. 8.000.000- en heildarkostnaður er áætlaður kr. 15.000.000-. Fyrir liggur að ráða þarf verkefnisstjóra fyrir verkefnið en gert er ráð fyrir að það hefjist í aprílmánuði 2013 og standi í eitt ár. Byggðarráð samþykkir að verkefnisstjórn verði skipuð eftirtöldum:

Leó Örn Þorleifsson, oddviti.
Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.
Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri.
Reimar Marteinnsson, kaupfélagsstjóri.
Magnús Freyr Jónsson, sláturhússtjóri.

Samþykkt að fela oddvita og sveitarstjóra að leggja fram tillögu til verkefnisstjórnar að ráðningu verkefnisstjóra til starfa hið fyrsta.

Elín R. Líndal lagði fram eftirfarandi bókun:

„Ég lýsi mikilli ánægju með verkefnið Átak í atvinnu- og markaðsmálum í Húnaþingi vestra en lýsi furðu á því að ekki sé talin ástæða til að hafa fulltrúa beggja kynja í verkefnisstjórninni og sit þess vegna hjá við skipan hennar.“

7. Fram lagt aðalfundarboð Veiðifélags Arnarvatnsheiðar og Tvídægru. Fundurinn verður haldinn mánudaginn 22 apríl nk. kl. 21:00 í Laxahvammi. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
8. Lagt fram aðalfundarboð Veiðifélags Víðidalstunguheiðar sem haldinn verður í Víðihlíð fimmtudaginn 18.04. nk. kl. 20:30. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:51

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.